DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2632 Síðan 1968 55. árgangur

Miðvikudagur 12. janúar 2022

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Mikill umferðarþungi vegna sýnatöku

Mikill umferðarþungi vegna Covid 19 sýnatöku hefur verið á Eyraveginu á Selfossi og hefur lögreglan oft þurft að stýra umferðinni svo að stíflist ekki við gatnamót Eyravegar og Engjavegar. Það sama má segja um Þóristún, en margir íbúar götunnar eru orðnir mjög þreyttir á þessari daglegu röð. Mynd: Dagskráin/brv

Þau Hergeir og Eva María eru vel að þessum titli komin. Mynd: UMFS/gk

Eva María og Hergeir íþróttafólk Umf. Selfoss 2021

Handknattleiksmaðurinn Hergeir Grímsson og frjálsíþróttakonan Eva María Baldursdóttir voru valin íþróttakarl og íþróttakona ársins 2021 hjá Ungmennafélagi Selfoss en tilkynnt var um valið á stuttri og fámennri verðlaunahátíð í Selinu á Selfossi 30. desember.

Hergeir er fyrirliði handboltaliðs Selfoss í Olís-deild karla sem verið hefur í toppbaráttu síðastliðið ár. Hergeir hefur sannað sig sem einn besti leikmaður deildarinnar í sinni stöðu á báðum endum vallarins og var einnig í lykilhlutverki í Evrópuleikjum Selfoss í haust. Hergeir var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili ásamt því að vera valinn sóknarmaður ársins á lokahófi deildarinnar síðastliðið sumar.

Eva María varð Íslandsmeistari kvenna í hástökki utanhúss síðastliðið sumar auk þess sem hún varð Íslandsmeistari í sínum aldursflokki í hástökki, bæði innan- og utanhúss. Hún sigraði einnig í hástökki á Reykjavík International Games og bætti sinn persónulega árangur innanhúss með því að stökkva yfir 1,78 m. Það er hæsta stökk sem íslensk kona stökk árið 2021, bæði innan- og utanhúss. Eva María er í stórmótahópi FRÍ og landsliði Íslands í frjálsum íþróttum.

Allar deildir Umf. Selfoss gátu tilnefnt íþróttakarl og íþróttakonu í sinni deild. Auk Evu Maríu og Hergeirs voru eftirfarandi einstaklingar tilnefndir: Fimleikafólkið Karólína Helga Jóhannsdóttir og Ævar Kári Eyþórsson, frjálsíþróttakarlinn Daníel Breki Elvarsson, handknattleikskonan Tinna Sigurrós Traustadóttir, júdómaðurinn Egill Blöndal, knattspyrnufólkið Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir og Dagur Jósefsson, mótokrossmaðurinn Alexnder Adam Kuc og taekwondofólkið Björn Jóel Björgvinsson og Dagný María Pétursdóttir.

ÚTSALA
LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

†

Ástkæra eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

Ingveldur Dagmar Halldórsdóttir
Vörðuland 4, Selfossi.
lést 24. nóvember sl.

Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð.

Guðmundur Stefánsson
Stefán Freyr Guðmundsson **Silke Leyk Dietersdóttir**
Ásta Guðmundsdóttir **Hilmar Örn Hilmarsson**
Kristín Guðmundsdóttir **Sveinn Júlían Sveinsson**
Halldór Sigmar Guðmundsson **Þóra Jóhannsdóttir**
og barnabörn.

BÁRAN
STÉTTARFÉLAG
STOFNAÐ
25. JÚNÍ 2002

Orlofshús
Bárunnar stéttarfélags um páska 2022

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavikuna 13. aprí til 20. apríl 2022.

Umsóknarfrestur er frá 13. janúar til 14. febrúar nk. Hægt er að sækja um á Orlofssíðu Bárunnar eða í síma Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann **16. febrúar** nk.
Öllum umsóknum verður svarað.
Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Verð á vikudvöl í Þverlág 2, 4 og 6 og Grýluhrauni er 20.000 kr.

Vikudvöl í orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).

Íbúðin Sóltúni 28, Rvk. verður í sveigjanlegri leigu eins og verið hefur hingað til.

Báran, stéttarfélag
Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000
baran@baran.is – https://www.baran.is

Vangaveltur um fjölgun bæjarfulltrúa í Árborg

Bragi Bjarnason

deildastjóri hjá Sveitafélaginu Árborg og áhugamaður um sveitarstjórnarmál

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, skulu sveitarstjórnir setja sér samþykktir um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra mála sem sveitarfélagið annast.

Um þessar mundir stendur yfir umræða í Bæjarstjórn Árborgar um breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar sem snúa m.a. að fjölda kjörinna bæjarfulltrúa, meðferð mála og stjórnsýslunni í sveitarfélaginu. Í dag er Bæjarstjórn Árborgar skipuð 9 bæjarfulltrúum sem hlutu kosningu árið 2018. Í þeim breytingatillögum sem nú liggja fyrir bæjarstjórn er tillaga um að fjölga bæjarfulltrúum í 11 eftir sveitarstjórnarkosningarnar þann 14. maí nk.

Kveðið er á um fjölda bæjarfulltrúa í 11. gr. Sveitarstjórnarlaga. Þar eru tiltekin viðmið um fjölda bæjarfulltrúa miðað við íbúafjölda sveitarfélags. Þar sem íbúar eru 10.000 – 49.999 ættu að vera 11-15 bæjarfulltrúar. Þó er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í fjögur ár samfellt, talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna. Frá áramótunum 2020 hefur sveitarfélagið Árborg verið með lágmarksfjölda íbúa og gæti af þeim sökum tekið þá ákvörðun að fjölga ekki bæjarfulltrúum fyrr en við kosningar til sveitarstjórnar 2026.

Af þessu sögðu er mikilvægt að velta fyrir sér hvað er skynsamlegast fyrir sveitarfélagið á þessum tímapunkti. Er það að fjölga bæjarfulltrúum? Er það að fresta fjölgun bæjarfulltrúa um fjögur ár og nýta tækifærið til að endurskipuleggja og gera starfsumhverfi bæjarfulltrúa þannig að það sé í takti við stærð og rekstur sveitarfélagsins? Þessar spurningar eru ekki einfaldar og í raun margslungnar.

Undirritaður hefur starfað sl. 15 ár innan stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar og starfað þar með fjölda góðra bæjarfulltrúa, bæði í núverandi bæjarstjórn og áður, sem hafa haft metnað og vilja til að vinna óeigingjarnt starf fyrir sitt samfélag. Sveitarfélagið Árborg er ört stækkandi og hefur það haft í för með sér að bæjarfulltrúar eiga erfiðara með sinna öllum þeim verkefnum sem krafist er af þeim. Á hinn bóginn verður að líta til þeirra sjónarmiða að ekki er alltaf besta lausnin að fjölga starfsmönnum, í þessu tilfelli bæjarfulltrúum, heldur frekar rýna innra skipulag og skapa aðstæður sem gefa núverandi starfsmönnum tækifæri til að ná enn betri árangri.

Mikilvægt er að bæjarstjórn hverju sinni skipi fjölbreyttur hópur einstaklinga á breiðum aldri með mismunandi bakgrunn. Hvort þeim forsendum sé best náð með því að fjölga bæjarfulltrúum strax eða fresta og nýta tækifærið til endurskoðunar er erfitt að segja en með tilliti til rekstrarþáttarins væri hægt að hallast frekar að seinni kostinum. Því miður, og þar er Sveitarfélagið Árborg ekki eitt um, er hætta á að ákveðin hluti samfélagsins leitist síður eftir því að starfa á þessum vettvangi ef starfsumhverfið býður varla upp á aðstæður sem hvetja einstaklinga til að sækjast eftir því.

Flest frístundahús í Grímsnes- og Grafningshreppi 2021

Frístundahúsum í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið að fjölga talsvert undanfarin ár og er stærsta frístundahúsabyggðin á Íslandi staðsett í hreppnum. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands voru 3.179 frístundahús í sveitarfélaginu árið 2021. Fyrir 10 árum síðan voru þau 2.702 frístundahús.

Næst stærsta frístundahúsabyggðin á landinu er í Bláskógabyggð en þar voru 2.114 frístundahús árið 2021. Þriðja stærsta frístundahúsabyggðin á landinu er í Borgarbyggð en þar voru 1.512 frístundahús árið 2021.

Fjöldi frístundahúsa á Íslandi 2021

Suðurland:	7.666
Vesturland:	3.060
Höfuðborgarsvæðið:	1.187
Norðurland eystra:	1.177
Vestfirðir:	650
Norðurland Vestra:	473
Austurland:	398
Suðurnes:	89
Samtals	14.700 frístundahús

Karlaveldi í Héraðsnefnd Árnesinga

Njörður Sigurðsson

bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis.

Þessa dagana stendur yfir átak til vitundarvakningar um mikilvægi fjölbreytileika í sveitarstjórnum og er átakið í samstarfi Kvenréttindafélags Íslands, Jafnréttisstofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningarseturs, samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis og forsætisráðuneytis. Með átakinu vilja framangreindir aðilar hvetja til þess að á lista stjórnmálasamtaka veljist fjölbreytt fólk.

Í Héraðsnefnd Árnesinga þarf verulegt átak til að rétta hlut kvenna en þar hefur kynjahlutfall aldrei verið jafnt og karlar hafa alltaf skipað meirihluta sæta nefndarinnar. Héraðsnefnd Árnesinga er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnessýslu sem sér um rekstur safna sýslunnar, tónlistarskóla, brunavarna og almannavarna. Rekstrartekjur þessara stofnana héraðsnefndar árið 2020 námu rúmum 900 m.kr. og rekstrargjöld um 850 m.kr. Því er hér um stóra rekstrareiningu að ræða sem fer með mikilvæga málaflokka á sveitarstjórnarstignu.

Samtals eiga sveitarfélögin átta í Árnessýslu 22 fulltrúa í héraðsnefnd og fer fjöldi fulltrúa eftir stærð sveitarfélaganna. Í framkvæmdastjórn, sem héraðsnefnd velur, sitja fimm fulltrúar. Í upphafi þessa kjörtímabils sátu 17 karlmenn á móti fimm konum í héraðsnefnd. Í framkvæmdastjórn voru í upphafi kjörtímabilsins fjórir karlmenn á móti einni konu. Á fundi héraðsnefndar sem haldinn var 25. október sl. breyttist þetta hlutfall með því að einn af þremur fulltrúum Sveitarfélagsins Ölfuss, sem var kona, hætti í héraðsnefnd. Ölfusingar völdu karl í staðinn. Þar með eru nú 18 karlmenn (82%) í héraðsnefnd á móti fjórum konum (18%). Og í framkvæmdastjórn sitja nú bara karlar en Ölfus átti einn fulltrúa í framkvæmdastjórn.

Ástæðu þessa skakka kynjahlutfalls í Héraðsnefnd Árnesinga má rekja til þess hvernig er raðað á lista stjórnmálasamtaka í kosningum þar sem í flestum tilfellum karlar leiða listana, auk þess hvernig sveitarstjórnarfulltrúar í hverju sveitarfélagi velja í héraðsnefnd en þar virðist vera tilhneiging til að velja fremur karla en konur í nefndina.

Á fundi Héraðsnefndar Árnesinga í október síðastliðnum lagði ég því fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt samhljóða:

„Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga hvetur stjórnmálasamtök sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum árið 2022 til að gæta að jöfnum kynjahlutföllum á listum og í framhaldinu við val fulltrúa í Héraðsnefnd Árnesinga með það að markmiði að sem jafnast hlutfall kynjanna verði í fulltrúaráði, nefndum og stjórnum héraðsnefndar.“

Nú þegar stjórnmálasamtök eru farin að huga að því að velja einstaklinga á framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor er rétt að taka undir hvatningarorð um fjölbreytt val fólks á listana. Jafnframt að við sem störfum í stjórnmálum setjum okkur það markmið að hlutfall kynja verði jafnt í sveitarstjórnum og öllu samstarfi sveitarfélaga í Árnessýslu, þ.m.t. í Héraðsnefnd Árnesinga. Vinnan við að ná því markmiði hefst við röðun á lista stjórnmálasamtaka.

Framsóknarfélag Árborgar
óskar íbúum öllum
gleðilegs nýs árs og þökkum
stuðninginn og samveruna á því
liðna.

Við viljum einnig nýta **tækifærið** og
hvetja til **þátttöku** í prófkjöri
meðal félagsmanna
Framsóknar í **Árborg**
sem fram fer þann 12. mars n.k.

Frekari upplýsingar fást hjá Kjörstjórn
með tölvupósti á framsokn@framsokn.is

framsokn.is

MUNDU

Einn tími eða meira í hreyfingu á dag

Tveir tímar eða minna af skjátíma á dag

Þrjár jákvæðar hugsanir á dag

Fjögur glös af vatni á dag

Fimm skammtar eða meira af grænmeti og ávöxtum á dag

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
vellíðan fyrir alla

Staða sérfræðiþjónustu innan Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Heilbrigðiskerfið er einn af hornsteinum samfélagsins og lögum samkvæmt á grunnheilbrigðisþjónusta að vera tryggð öllum landsmönnum. Það er því áskorun að byggja upp heildrænt heilbrigðiskerfi sem tryggir sjúklingum samfellda þjónustu á réttu þjónustustigi hverju sinni. Í stuttu máli er heilbrigðisþjónustan skilgreind sem þrjú þjónustustig, þar sem heilsugæslan er skilgreind þjónusta á fyrsta stigi, en meira sérhæfðari þjónusta tilheyrir öðru og þriðja þjónustustiginu. Sérfræðiþjónusta utan háskólasjúkrahúss er annars stigs þjónusta og sérfræðiþjónusta á háskólasjúkrahúsi er þriðja og efsta þjónustustigið.

Það er mikilvægt að vera með skýra stefnu í heilbrigðismálum, en stórt skref var tekið þegar stjórnvöld samþykktu fyrir nokkrum árum að innleiða heilbrigðisstefnu sem gildir til ársins 2030. Stefnan kveður á um uppbyggingu á heildstæðu og öflugu heilbrigðiskerfi til framtíðar fyrir okkur öll. Þjónusta sérgreinalækna á landsbyggðinni hefur lengi verið áskorun en oftar en ekki reynist erfitt að manna sérfræðistöður utan höfuðborgarsvæðisins. Hjá HSU vinnum við hörðum höndum að því að efla sérfræðiþjónustu eins og kostur er. Þær sérgreinar sem núna eru í boði innan HSU eru krabbameinslækningar, lungnalækningar, meltingarfæralækningar, barnalækningar, geðlækningar, hjartalækningar, kvensjúkdómalækningar, hálsnef- og eyrnalækningar (HNE) og augnlækningar.

Á síðasta ári fóru nær 90% heimsókna sunnlendinga til krabbameinslæknis fram heima í héraði. Þessar tölur sýna glögglega að notendur þjónustunnar kunna vel að meta að fá þjónustuna í nærumhverfinu með tilheyrandi ferða- og tímasparnaði. Mikill fjöldi sunnlendinga leita einnig til HSU vegna heimsókna til lungnalæknis, en rúmlega 60% þeirra sem þurfa á slíkri þjónustu sækja hana í heimabyggð. Á árinu 2021 var aukið við sérfræðiþjónustu í kvensjúkdómalækningum, barnalækningum og geðlækningum, en við horfum fram á mikla aukningu í geðþjónustu innan HSU á komandi árum. Á Selfossi og í Vestmannaeyjum er boðið upp á meltingarfæralækningar og hjartalækningar. HNE læknir hefur lengi komið á starfsstöðina á Selfossi og hafa 40% sunnlendinga nýtt sér þjónustuna, en aðrir sækja hana til höfuðborgarsvæðisins. Á Selfossi hafa um árabil einnig starfað augnlæknar, en nokkrar breytingar eru fyrirsjáanlegar í þeirri þjónustu þar sem fagið er orðið mjög sérhæft og augnlæknar sjá í sífellt minna mæli um sjónmælingar sem hafa færst yfir til sjóntækjafræðinga. Sérhæfðari starfsemi augnlækna hefur færst yfir á einkastofur þeirra vegna sérhæfðs tækjabúnaðar og einungis 15% heimsókna sunnlendinga til augnlækna fara fram í héraði. Til að mæta þessari þróun hefur HSU nú farið þá leið í samstarfi við augnlæknastöðina Sjónlag í Reykjavík að beita fjarlækningatækninni og hófst slík starfsemi í Vestmannaeyjum síðastliðið haust. Þar hefur verið komið fyrir sérhæfðum tækjabúnaði, sem keyptur var fyrir gjafafé. Augnrannsóknir eru með þessu framkvæmdar í Vestmannaeyjum og sendar rafrænt til augnlækna Sjónlags í Reykjavík sem lesa úr þeim og gefa viðeigandi meðferðarráðleggingar. Gaman er að segja frá því að þessi þjónusta er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Auk þessara sérgreina sem hér hafa verið taldar upp má nefna að bráðalæknar hafa bæst í okkar raðir, en koma þeirra styrkir þjónustu og uppbyggingu bráðaþjónustu HSU til muna.

Framtíðarstefna HSU hefur verið lögð fram og ætlar HSU að vera leiðandi heilbrigðisstofnun á landsvísu og framúrskarandi vinnustaður. Markmiðin sem við setjum okkur eru metnaðarfull og umfangsmikil, en HSU hefur alla burði til að framfylgja framtíðarstefnunni og ná settum markmiðum. HSU stendur frammi fyrir vaxandi þjónustuþörf á ört stækkandi íbúasvæði. Okkar stærsta áskorun í þeim málum er mönnun sem nauðsynleg er til að tryggja fullnægjandi þjónustu á öllum okkar starfsstöðvum. Með markvissri uppbyggingu fjarheilbrigðisþjónustu skapast tækifæri til að veita góða heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir takmarkaða mönnun innan starfsstöðvanna. Í þessari vegferð er jafnframt mikilvægt að efla teymisvinnu og þverfaglegt samstarf innan heilsugæslunnar, en þverfagleg þekking og reynsla eykur á skilvirkni þjónustunnar. Innan raða HSU starfar öflugt starfsfólk sem ávallt leggur sig fram við að veita faglega og örugga heilbrigðisþjónustu. Ég get ekki annað en verið stolt af þessum sterka hópi sem gerir HSU að þeirri metnaðarfullu heilbrigðisstofnun sem HSU er. Hvert sem litið er finnum við velvilja starfsmanna til að efla og gera góða hluti enn betri. Með það að veganesti er heilbrigðisþjónustan á Suðurlandi á góðri siglingu sem styður við framtíðarstefnu HSU, sem eins og fyrr segir ætlar að vera leiðandi heilbrigðisstofnun á landsbyggðinni.

Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU

Sunnlenski matgæðingurinn

Ólafur Logi Guðmundsson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Gleðilegt nýtt ár kæru lesendur það er mig mikill heiður að vera valin matgæðingur vikunnar. Ég ætla að deila með ykkur uppskrift af mínum uppáhalds kjúklinga rétti þessa daga sem bæði einfaldur og fljótlegur í gerð. Njótið og góðar stundir.

Kjúklingur í Satay-sósu
900 g kjúklinga bringur
1 msk. olía til steikingar
2 stk. kjúklinga krafur
Salt og pipar
Ein krukka Satay-sósa (t.d. frá blue dragon)
1 dl sweet Chili-sósa
1 poki rifin mozzarella-ostur
Graslaukur

Meðlæti
1-2 pokar af hrísgrjónum
1 pakki af Naan-brauði

Hitið ofnin í 200 gráður. Skerið kjúklingabringurnar niður í smá bita.
Hitið pönnu með olíu. Á miðlungs hita lokið kjúklingingnum og kryddið með salt, pipar og hænsnakrafti.
Setjið krukku af Satay sósu útá pönnuna ásamt Chilli sósu og hrærið vel saman.
Hellið kjúklingnum ofan í eldfast mót, stráið osti yfir og setjið inní ofn í 20 mínútur.
Á meðan sjóðið grjónin samkvæmt leiðbeiningum (12 mínútur) Skerið niður gúrku, graslauk og lime. Setjið naan brauðið á bökunarpappír á ofnplötu og stráið osti yfir, það fer svo með kjúklingnum inní ofn í 2-4 mín rétt í lokin. Þegar rétturinn er tekin út er stráð graslauk yfir.
Berið fram með grjónum og lime. Mæli með kreysta lime yfir réttinn þegar hann er komin á diskana.

Ég vel bróðir minn hann Lárus Jóhann Guðmundsson sem næsta matgæðing og skora ég á hann að sýna ykkur listir sínar á villibráðinni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Rangæingar, nú mótmælum vér allir sem einn

Loksins, loksins er verið að fella þessar vörtur á ásýnd Rangárþings – vindorkuverin tvö í Þykkvabæ. Af hverju í ósköpunum var ekki löngu búið að því? Hvers áttu íbúar í elsta þéttbýli landsins að gjalda að þurfa að horfa upp á þessa hörmung árum saman. Og ekki bara íbúarnir þar, þessi óskapnaður blasti við nær öllum íbúum í gamla Djúpárhreppi, heldur líka í gömlu sveitarfélögunum í Ásahreppi, Holtunum, Landmannahreppi, Rangárvallahreppi og Vestur Landeyjum. Til hvers og fyrir hvern?

Þegar íbúar þessara blómlegu byggða héldu nú loksins að þeir væru lausir við óváru þessa úr sínu nær umhverfi þá berast þær fréttir að fjárfestar þeir sem keyptu draslið af gjaldþrota eigendum áformi nú að byggja ný og enn stærri vindorkuver á brunarústunum. Þvílík hneisa.

Sveitarstjórn verður að gera þá lágmarkskröfu að nýir framkvæmdaaðlar leggi fram óyggjandi upplýsingar og sannanir fyrir því að hærri vindorkuver á þessum stað valdi ekki íbúum í næsta nágreni þess alvarlegum heilsufarslegu tjóni. Allir þeir sem hafa eitthvað kynnt sér rekstur vindorkuvera í Evrópu, Ástralíu, Nýja Sjálandi og víðar vita að almennt er talið að vindmylla geti verið íbúum skaðleg í fjarlægð sem nemur 10 sinnum fjarlægðina fá efstu stöðu spaðanna.

Íbúar í Þykkvabæ hljóta að gera einnig þá kröfu til framkvæmdaaðila að þeir greiði þeim háar skaðabætur fyrir það verðfall sem verður óhjákvæmilega á fasteignum þeirra. Komi til þessara óhæfu.

Er ekki mál að linni.

Sveinn Runólfsson, frá Gunnarsholti.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Lítið herbergishorn ég er.
Hegningu margir fá í mér.
Mig öldungar hafa í hendi sér.
Um hafið ég eftir bátnum fer.

Svar við gátu í blaði 2631: **VIKA**
1. **Viku**tími - 2. Tímaritið **Vikan** - 3. Sælu**vika** - 4. Dymbil**vika**

BYKO
Þú sérð öll tilboðin á byko.is
ÚTSALA
GROHE
Tilboðsverð
Eurostyle Cosmopolitan
Handlaugartæki, krómað
15.817
15333552
Almennt verð: 22.595
-30%
GROHE
Tilboðsverð
Concetto
Eldhústæki með háum krana og einu handfangi
22.817
15332661
Almennt verð: 32.595
-30%
Tilboðsverð
Stálvaskur
Rhine Sinkwares stálvaskur. Stærð: 44x44cm. Innanmál: 40x40cm. Dýpt: 20cm.
17.217
13340005
Almennt verð: 24.595
-30%
-30%
Tilboðsverð
LED kastari
AEG Allora einfaldur kastari
2.664
52261881
Almennt verð: 3.805
LUX TOOLS
-30%
Tilboðsverð
Verkfærasett
borar, bitar og verkfæri, 70 hlutir í kassanum
6.472
68566705
Almennt verð: 9.245
Tilboðsverð
Harðparket
Krono Original Wilderness eik. Stærð: 242x2000mm, 12mm þykkt.
3.775 kr/m²
0113647A
Almennt verð: 5.395 kr/m²
-30%
Krono Original High Quality
Gerðu frábær kaup!
LUX TOOLS
Tilboðsverð
Skrúfvél
Rafhlöðudrifin og létt skrúfvél með snúningshraða frá 0-200 sn/mín, auðvelt er að stjórna krafti vélarinnar
3.399
15332661
Almennt verð: 4.855
-30%
Tilboðsverð
Nuddtæki
Nuddtæki með fjórum hraðastillingum, "non-slip" gripi og þremur mismunandi nuddstillingum.
8.397
41073449
Almennt verð: 11.995
-30%
BYKO
SELFOSS
KOMDU Í HEIMSÓKN!
Verslaðu á netinu á byko.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAGSMENN ATHUGIÐ!

Á fundi stjórnar Félags eldriborgara á Selfossi, 5. janúar 2022, var ákveðið að enginn starfsemi verði á vegum FEBSEL fyrr en breytingar verða á sóttvarnarreglum til afléttingar.

Fylgist vel með á heimasíðu félagsins og Facebook.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani & tæki
Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa
Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar
Diddi S. 861 4966
Elli S. 861 6700
fredi@simnet.is

ÞARF AÐ LÁTA MÁLA?
Hringdu í málningarþjónustu Þorsteins í Hveragerði
GSM 777 9091

KIRKJUR

Selfosskirkja
Helgistund í Selfosskirkju sunnudaginn 16. janúar kl. 11:00. Prestur Arnaldur Bárðarson. Sunnudagaskóli kl. 11:00. Umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.

Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Kyrrðarstund miðvikudaga kl. 17:00.

Með fyrirvara um breytingar vegna fjöldatakmarkana. Nánari upplýsingar á selfosskirkja.is.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta kl. 11 fyrir allar sóknir prestakallsins. Gnægð gleðinnar. Minning um Desmund Tutu. Bæn fyrir heilbrigðisstarfsfólki og öllum sem gegna almannaþjónustu. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup.

BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HEILSA

Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun
Áttund
20% afsláttur af gjafakortum
Ný námskeið byrja 10. og 12. jan. og 3. feb.
Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

ÞJÓNUSTA

Glory BLINDS
Mikið og fallegt úrval af gardínum og gluggatjöldum.
Við bjóðum upp á fría ráðgjöf og mælingu.
20% afsláttur af öllum pöntunum!
Uppl. í síma 866 3300 / 784 9689
flisalina@flisalina.is

Starfsemi Félags eldri borgara á Selfossi

Þorgrímur Óli Sigurðsson
formaður Félags eldri borgara Selfossi

„Hver sótt er hörðust undir batann“ er málsháttur sem gæti átt við í aðdraganda þorra. Covid 19 veldur usla um þessar mundir og náð hraðari og meiri útbreiðslu frá upphafi. Sóttin gæti verið á lokasprettinum sé tekið mið af frásögnum sérfræðinga. Félag eldri borgara á Selfossi, FEBSEL, hefur öðru sinni á veirutímabilinu lagt niður starfsemi á vegum félagsins. Ekki verður farið aftur af stað fyrr en fjöldatakmörkunum verður aflétt. Staðan hefur verið erfið eldra fólki, félags- og hreyfilega. Aðdáunarvert er hvað þessi stóri hópur hefur sýnt mikla þolinmæði, skilning og skynsemi þann tíma sem faraldurinn hefur staðið. Þetta fólk á virkilega hrós skilið.

Þrátt fyrir allt hefur verið hægt að halda uppi viðburðum og afþreyingu á milli bylgja faraldursins. Því er fyrst og fremst að þakka skipulagi og vinnu nefnda- og stjórnarfólks. Oft var búið að leggja mikla vinnu í að koma á viðburðum sem þurfti svo að hætta við vegna fjöldatakmarkana. Það var þessu fólki ekki auðvelt að taka ákvörðun um slíkt. Stóra markmiðið var að láta lýðheilsu fólks njóta vafans. Í dag sést varla á milli varða á slóð faraldursins og engu hægt að spá hvenær linnir en minnumst málsháttarins hér í upphafi. Um leið og birtir verður farið af stað þar sem frá var horfið fyrir jól.

Markmið FEBSEL er að skipuleggja tómstunda- og félagsstarf eldra fólks, vinna að því að ríki og sveitarfélag sinni velferðarmálum, stuðli að aukinni þjónustu og öðrum hagsmunamálum eins og lög kveða á um. Þetta eru sífelluverkefni sem félagið þarf stöðugt að vekja athygli stjórnmálafólks á og hvetja til athafna.

Í Grænumörk hefur í gegnum árin verið byggð upp mjög góð aðstaða fyrir margs konar félagsstarf og nú síðast frábær tvískiptur salur, Mörk, með eldhúsaðstöðu sem þessa daganna er verið að stækka og endurbæta. Með því er hægt að nýta aðstöðuna betur til viðburða þar sem boðið verður uppá kaffi- og matarveitingar. Það er einlæg ósk stjórnar FEBSEL að í nálægri framtíð verði mögulegt að bjóða uppá heitan mat í hádegi sem fólk geti neytt á staðnum.

Stjórn FEBSEL þakkar fyrr- og núverandi bæjarfulltrúum og starfsfólki Fjölskyldusviðs Árborgar öll þau góðu verk sem unnin hafa verið í þágu eldra fólks og minnir á að það sem er gott má gera betra, að því skulum við vinna saman. Síðast en ekki síst er öllum þeim félögum í FEBSEL þakkað óeigingjarnt starf sem þeir hafa lagt af mörkum í nefndum og annari aðkomu. Án slíks verður fátækleg starfsemi.

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR
prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944 - SELFOSS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS

Dýrmætt að taka til sín allt það góða

segir lestrarhesturinn Guðni Sighvatsson

Guðni Sighvatsson ólst uppi á Lyngási í Holtum. Eftir skólagöngu á Laugalandi í Holtum lá leið hans í FSu og síðar í Íþróttafræði á Laugarvatni þar sem hann býr og starfar í grunnskólanum. Á Laugarvatni líður Guðna vel og hann segst vera „umvafin skóginum, fjallinu og vatninu og þar má jafnvel finna tímann líða örlítið hægar. Tímanum er varið í að sinna fjölskyldu og öllu fiðruðu sem flýgur."

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna eru nokkrar bækur sem ég er að lesa í augnablikinu en það fer svolítið eftir tilefninu hvaða bók er tekin upp. Á náttborðinu er *Barn að eilífu* eftir Sigmund Erni en samstarfsmaður mælti með henni og fannst mér efnið höfða til mín í ljósi þess að ég ólst upp með fatlaðri systur. Léttara efni er svo bókin *Gone birding* eftir Bill Oddie en hún fjallar á stórskemmtilegan hátt um þann hóp manna sem skoðar fugla af miklum áhuga. Eiginkona mín heldur í þann góða sið að gefa bók að kvöldi Þorláksmessu og *Snarkið í stjörnunum* eftir Jón Kalman er núna að renna í gegn. Einnig langar mig að nefna bókina *Sólkerfið* sem ég les fyrir son minn á kvöldin. Dóttir okkar gaf honum hana í jólagjöf og hann er með ákafan fróðleiksþorsta gagnvart alheiminum og Sævar Helgi Bragason hefur einstakt lag á að gera viðfangsefnið heillandi og skemmtilegt.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Áður fyrr voru það heldur glæpasögur og hef klárað minn skammt af Arnaldi og Yrsu. Í seinni tíma hafa þær hörfað fyrir bókum með ljóðrænni texta líkt og bækur Jóns Kalmans og ég hef jafnvel tekið upp ljóðabækur þar sem Tómas Guðmundsson er í uppáhaldi og svo hafði ég gaman af *Eddu* sem Harpa Rún Kristjánsdóttir skrifaði þar sem gamli og nýi tíminn er að mætast og lífinu lýst á svo fallegan hátt í gegnum samskipti og svo missi. Þetta er einmitt það sem er svo dýrmætt, að eiga stundir með stórfjölskyldunni og taka til sín allt það góða sem býr í forfeðrum og mæðrum okkar. Ég get þakkað þeim aukna áhuga þeim lukkutíma sem ég fékk er ég starfaði með Bjarna Þorkelssyni sem er auðugur af fróðleik um ljóð og gaf mikið af sér.

Varstu alinn upp við lestur bóka?

Ég hafði mikið dálæti á barnabókum á mínum yngri árum þótt ég muni ekki eftir að það hafi verið lesið fyrir mig. Ég las mikið Enid Blyton, Bob Moran auk þess sem ég held að ég hafi lesið nánast allt eftir Ármann Kr. Einarsson og síðar mikið eftir Þorgrím Þráinsson eftir því sem ég komst á unglingsár. *Sherlock Holmes* var einnig í uppáhaldi og ég var heppinn að bókasafnið á Laugalandi var vel útbúið og einnig var mikið til heima. Það voru ófáar stundirnar sem maður hvarf inn í ævintýraheim og týndi stað og stund.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjunum?

Ég les mikið í skorpum. Á það til að lesa ekkert í 2-3 mánuði og taka svo nokkrar bækur í beit. Ég stofnaði lestarfélag Laugarvatns og nágrennis til þess að halda mér við efnið en er hræddur um að ég sé ekki að standa mig nógu vel þar og á eftir að takast á við *Dalalíf* hennar Guðrúnar frá Lundi, en það stendur til bóta. Þá höfum við tekið fyrir bók sem við lesum og förum svo í göngutúr þar sem bókin er rædd. Við höfum tengt sögu og stað þegar við göngum og nýttum tækifærið á Þingvöllum eftir að hafa lesið *Hraunfólkið* eftir Björn Th. Björnsson og svo *Skálholtsbók* Bjarna Harðar. Annars er það helst upp í sófa með góðan kaffibolla eða rétt fyrir svefninn sem mest er lesið.

Einhverjir uppáhalds höfundar?

Enginn einn frekar en annar. Jón Kalman sýnir svo vel hversu myndrænt og fallega er hægt að setja saman orð. Andri Snær er einnig áhugaverður og Tíminn og vatnið er meistaraverk. Ég er alltaf þakklátur að fá tækifæri til að lesa texta eftir nemendur í skapandi verkefnavinnu. Þau hafa einn dag á viku til að vinna í valfrjálsum verkefnum eftir áhugasviði og höfum við fengið að kynnast sögum og ljóðum sem eru alveg stórgóð.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Svo sannarlega þó það sé minna í seinni tíð. Oft var freistingin að taka einn kafla enn óyfirstíganleg og erfitt að leggja bók frá sér. Það er líka svo að á kvöldin er oft meira næði og ró og þá er meiri friður til að sökkva sér í viðfangsefnið með fullkominni einbeitingu.

En að lokum Guðni, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég hef haft gaman af því að skrifa örleikrit og dreymir alltaf um að gera söngleik með Steináni Þorleifssyni félaga mínum. Annars hef ég sett saman texta og ljóð og ef fyrir mér ætti að liggja að skrifa bók langar mig að skrifa bók sem höfðar til ungra drengja. Erfitt er stundum að finna hentugar bækur fyrir þennan hóp og gaman væri að gera það og mér hefur vissulega dottið sú hugmynd í hug en aldrei komið henni til framkvæmda.

Lestrarhesturinn er í ritstjórn Jóns Özurar Snorrasonar

EFLA

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: Hólmabrún í Hveragerði.

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum við Hólmabrún og Þelamörk í Hveragerði. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag, malbika götur og gangstéttir ásamt því að steypa kantstein. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

Helstu magntölur eru:

- Gröftur ..... 12.800 m³
- Styrktarlag og fylling ..... 22.100 m³
- Fráveitulagnir ..... 1.620 m
- Vatnsveitulagnir ..... 650 m
- Ljósastaurar ..... 40 stk
- Hitaveitulagnir ..... 1.180 m

Skil á 1. áfanga er 15. október 2022.
Verklok eru 15. júní 2023.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með miðvikudeginum 12. janúar 2022.

Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá EFLU á Suðurlandi með tölvupósti, á netfangið ba@efla.is, og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, **Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 10:00 þann 26. janúar 2022**, og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

HVERAGERÐISBÆR

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2632 Miðvikudagur 12. janúar 2022

Hinseginvika Árborgar haldin í fyrsta sinn

Vikuna 17. - 23. janúar 2022 ætlar Forvarnateymi Árborgar í samvinnu við sveitarfélagið að halda sína fyrstu Hinseginviku frá upphafi. Hátíðin er haldin til að auka fræðslu, skapa umræður og veita stuðning til þeirra sem tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Til að mynda verða lesnar bækur um hinsegin málefni í leikskólum sveitarfélagsins, regnbogafánum verður flaggað víðsvegar um bæinn og ætlar GK bakarí að baka í regnbogalitum. Við hvetjum fleiri fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins til að taka þátt með einum eða öðrum hætti. Að lokum hvetjum við alla íbúa að klæðast regnbogalitum þann 19. janúar og sýna þannig samstöðu og stuðning.

Þann 17. janúar kl. 20:30 mun einnig verða í boði fræðsla frá Samtökunum ‘78 fyrir íbúa sveitarfélagsins á TEAMS. Í fræðslunni verður farið yfir grunninn að hinseginleikanum, fjallað um kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu. Farið er yfir helstu grunnhugtök og orðanotkun tengda hinseginleikanum og fjallað um starf Samtakanna ‘78. Nánari upplýsingar um það má finna inná heimasíðunni www.arborg.is þegar nær dregur eða á „Fræðsla frá Samtökunum ‘78” á Facebook.

Við hvetjum öll til að opna hug sinn fyrir málefninu og taka þátt í að fagna fjölbreytileikanum.

Sýning framundan hjá myndlistarnemum FSu

Myndlistarnemar FSu halda nú áfram uppteknum hætti að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Nemendur í framhaldsáföngum fá þá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það aðallega nemendur í módeláfanga á þriðja þrepi og einn til sem sýna í Listagjánni á Bókasafni Árborgar. Sýningin verður opin frá 20. janúar.- 20. febrúar. Verkin eru unnin á haustönn 2021. Þau eru unnin út frá skissum af lifandi módeli. Valdar skissur eru síðan unnar áfram í blýant, grafík, leir, vatnsliti og fjölbreytta blandaða tækni og lokaverkefni sem er unnið með akrýl á striga.

Það er margt á seiði á listalínu FSu og áhugi nemenda mikill.

Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldra fólk með áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp.

Meðal hins mikla úrvals af skapandi áföngum sem boðið er upp á í FSu ásamt myndlist má nefna stafræna smiðju, Fablab, kvikmyndun, leiklist, textíl hönnun, grafíska hönnun og grafíska miðlun.

Veggjalistin færir út kvíarnar og á vorönninni verður veggurinn vallar megin málaður. Það verður spennandi að sjá hvað nemendum dettur í hug að láta birtast þar í vor.

Myndlistarkennarar FSu,
Lísa og Ágústa.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is